

Umsagnir (9)

1. Míla

Bragi Már Bragason

UMSÖGN BIRT 26.01.2024

Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur.

2. Skipulagsstofnun

Vala Ragna Ingólfssdóttir

UMSÖGN BIRT 7.02.2024

Meðfylgjandi er umsögn Skipulagsstofnunar.

PDF

Keflavíkurborgir.pdf

3. Veðurstofa Íslands

Hlíf Sævarsdóttir

UMSÖGN BIRT 9.02.2024

Hjálögð er umsögn Veðurstofu Íslands.

PDF

Umsögn - Reykjanesbær - Keflavíkurborgir - svar VÍ.pdf

4. Skipulagsnefnd Keflavíkurlugvallar

Björn Ingi Edvardsson

UMSÖGN BIRT 9.02.2024

Fh. skipulagsnefndar Keflavíkurlugvallar og með vísan til fundargerðar nefndarinnar, liður nr. 4 í henni, dags. 29. janúar 2024 þá eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Björn Edvardsson Skipulagsfulltrúi

Planning Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavik Airport

PDF

Fundur 123 29.01.2024 Undirritað.pdf

5. BBjörn Ingi Edvardsson

UMSÖGN BIRT 13.02.2024

Fh. Isavia þá eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna og fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu.

Björn Edvardsson Skipulagsfulltrúi

Planning Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavik Airport

6. Jjenný Kamilla Harðardóttir

UMSÖGN BIRT 15.02.2024

Eftirfarandi er umsögn Framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar:

Ráðið leggur áherslu á að fyrirhuguð uppbygging hafi ekki áhrif á umferðarflæði og hraða um Garðskagaveg frá því sem nú er.

7. Náttúrufræðistofnun Íslands

Ingvar Atli Sigurðsson

UMSÖGN BIRT 16.02.2024

PDF

Umsögn_NÍ_Keflavíkurborgir.pdf

8. Vegagerðin - Suðursvæði

Rannveig María Jóhannesdóttir

UMSÖGN BIRT 16.02.2024

PDF

Umsogn vegna aðalskipulagsbr (1).pdf

9. Minjastofnun Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín

UMSÖGN BIRT 16.02.2024

Gert er ráð fyrir að breyta landnotkun á hluta opins 38,0 ha svæðis OP6 í íbúðarsvæði (ÍB25). Í skipulagslýsingunni (Arkís arkitektar, dags. 10. 11. 2023), er fjallað um fornleifar á bls. 3. Segir þar að samkvæmt fyrirliggjandi skráningum séu 8 skráðar minjar á svæðinu og jafnframt að: „ekki hefur verið unnin ítarleg fornleifaskráning á svæðinu í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr.

80/2012. Sveitarfélagið mun samhliða gerð skipulagsáætlana láta framkvæma fullnaðar skráningu í samræmi við lög ásamt því sem haft verður samráð við Minjastofnun Íslands”. Ekki er þörf á húsaskráningu þar sem engin hús standa á umræddum skipulagsreit.

Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna eða aðalskipulagsbreytinguna, en óskar eftir að fá deiliskipulagstillöguna til skoðunar þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Þór Ingólfsson Hjaltalín

Minjavörður Reykjaness

9

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 7. febrúar 2024

Tilvísun: 202401154 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags vegna íbúðarbyggðar í Keflavíkurborgum

Reykjanesbær hefur, með erindi dags. 26. janúar 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 10. nóvember 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagstillögu er í meginatriðum stækkun íbúðarbyggðar (ÍB35) í Keflavíkurborgum um 24 ha og minnkar opið svæði (OP6) sem því nemur og einnig minnkar lítilla hverfisverndarsvæði (HV25). Breytingin mun taka til 43 ha svæðis.

Fyrir fyrirhugað deiliskipulag er gert ráð fyrir allt að 170-200 lóðum fyrir einbýlis- og parhús á 1-2 hæðum og fjölbýlishús á allt að 3 hæðum. Stærðir lóða eru frá 300 – 3500 m² og verður uppbygging áfangaskipt.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir móttöku tillögu:

- Í greinargerð á bls. 9 eru taldir upp þeir umsagnaraðilar sem leitað veður til. Skipulagsstofnun bendir á að einnig þarf að leita umsagnar Ísavia.
- Stofnunin bendir á að við vinnslu tillögunnar þurfi að yfirfara og samræma ártöl, stærðir og númer landnotkunarflokks. Má þar nefna að ýmist er fjallað um reit ÍB25 eða ÍB35 og einnig gætir misræmis þegar fjallað er um stærð skipulagssvæðis á bls. 2.

Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Vala Ragna Ingólfssdóttir


Reykjanesbær
Bt Gunnari Þóri Ottóssyni

Dags. 9. febrúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0065

Með erindi dags. 26. janúar sl. óskaði Reykjanesbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um fyrirhugaða breytingartillögu sem gerir ráð fyrir stækkun íbúðasvæðis inn á opið svæði OP6.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd á þessu stigi.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2024 (123. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 29.01.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir	varamaður skipulagsnefnd
Magnús Stefánsson	"
Inga Þórey Óskarsdóttir	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Gísli Jónatan Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Gestir fundarins voru Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneyti og Steinþór Einarsson fráfarandi fulltrúi í skipulagsnefndinni.

1. Starfssvið skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Helstu viðfangsefni framundan

Guðmundur Björnsson formaður skipulagsnefndarinnar fór yfir starfsemi skipulagsnefndarinnar frá upphafi og til þessa dags. Nefndin í þessu formi tók til starfa árið 2008 í samræmi við nýsett lög þar að lútandi.

Ákveðið var að bæði aðalmenn og varamenn í nefndinni fái fundarboð og aðalmaður sem forfallist boði síðan varamann sinn.

Skipulagsfulltrúi fór yfir helstu mál sem unnið hefur verið að undanfarin misseri. Má þar nefna þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar, umhverfismat framkvæmda á flugvælinum, endurskoðun aðalskipulags sem nú stendur yfir og þróunaráætlun KADECO.

2. Ásbrú, rammahluti aðalskipulags Reykjanesbæjar

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 21.12.2023, þar sem óskað er umsagnar um rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar á Ásbrú. Um er að ræða endurskoðun á rammaskipulagi Ásbrúar frá 2020 og nánari útfærsla fyrri stefnu. Lagðar eru línur fyrir væntanlegt deiliskipulag.

Jón B. Guðnason vakti athygli á að Keflavíkurflugvöllur er að hluta til herflugvöllur með tilheyrandi hávaða frá herflugvélum. Er nauðsynlegt að fram komi í væntanlegum skipulagsskilmálum svæðisins allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi á

flugvellingum í næsta nágrenni svæðisins. Væntanlegir íbúar verði þannig að fullu upplýstir um hvers má vænta í þessu sambandi.

Skipulagsnefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við rammaskipulagið.

Fulltrúar Reykjanesbæjar í nefndinni véku af fundi undir þessum lið.

3. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar. Forkynning deiliskipulagsbreytingar

Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar kynnti vinnslutillögu að fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis flugvallarins. Um er að ræða umtalsverðar breytingar á deiliskipulaginu.

4. Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í Keflavíkurborgum

Lögð var fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir íbúðabyggð í Keflavíkurborgum í Reykjanesbæ, dags. 10.11.2023.

Fyrirhugað er að stækka núverandi íbúðasvæði um 24 ha og verði það alls 29 ha.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd skipulagslýsinguna

Fulltrúar Reykjanesbæjar véku af fundi undir þessum lið.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 4. mars 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>

Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 16. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0090
IAS

Efni: Keflavíkurborgir, lýsing (Breyting á aðalskipulagi).

Við er í erindi í gegnum skipulagsgátt frá Reykjanesbæ, dagsett 26. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um Keflavíkurborgir, lýsing (Breyting á aðalskipulagi).

Fyrirhugað er að stækka íbúðarbyggð (ÍB35) í Keflavíkurborgum um 24 ha og minnka opið svæði sem því nemur og jafnframt minnkar hverfisverndarsvæði (HV25) lítillega.

Náttúrufræðistofnun Ísland hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis; Rosmhvalanes, en þar er langstærsta sílamáfsvarp landsins og því er æskilegt að framkvæmdir hefjist utan varptíma svo þær hafi sem minnst áhrif á fuglalíf.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Reykjanesbær

Tjarnargötu 12
230 REYKJANESBÆ

B.t. Gunnars Kr Ottossonar, arkitekts
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar
gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is

**Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingu og nýs deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í Keflavíkurborgum, Reykjanesbæ.**

Tilvísun nr. 74/2024.

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulaglýsingu vegna íbúðarbyggðar í Keflavíkurborgum, Reykjanesbæ, sem unnin er af Arkís arkitektum dags í 10.11.2023.

Aðalskipulag:

Vegagerðin leggur áherslu á að tengingar við stofn- og tengivegi séu auðkenndar á skýran hátt á uppdráttum aðalskipulags. Um vegi í umsjá Vegagerðarinnar gilda sérstök lög og reglur og æskilegt að þeir séu auðkenndir vegna áframhaldandi skipulagsvinnu og annarrar vinnu er byggir á aðalskipulagi.

Deiliskipulag:

Vegagerðin bendir á að umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegtenginga og kveða Veghönnunarreglur á um lágmarks fjarlægð á milli vegtenginga. Minnt er á að á deiliskipulagsuppdrætti skal málsetja fjarlægðir á milli vegamóta. Garðskagavegur (45-00) er stofnvegur af tegund C9 og skal bil milli tenginga a.m.k. vera 800m. Tenging sem sýnd er á mynd 1 gengur því ekki upp.

Vegagerðin bendir á að veghelgunarsvæði skal sýna á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.



Mynd 1, er skjáskot og sýnir rauður hringur hvar óæskileg tenging er staðsett. (RMI)

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt